

Samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Handverkshópurinn Koltra, Þingeyri, kt. 540295-3019, gera með sér svohljóðandi samning um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Þingeyri árin 2020-2022. Upplýsingar sem veittar eru í upplýsingamiðstöðinni skulu vera í samræmi við upplýsingar frá Upplýsingamiðstöð Vestfjarða.

Þeir þættir er falla meðal annars undir starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar eru:

- Upplýsingagjöf til ferðamanna er koma við í upplýsingamiðstöðinni.
- Upplýsingagjöf símleiðis.
- Upplýsingagjöf til fyrirtækja á svæðinu og utan þess.
- Aðstoð við móttöku blaðamanna sem koma til að skoða ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
- Söfnun upplýsinga um ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
- Samantekt upplýsinga um atburði í Dýrafirði á leigutímanum og sending upplýsinga til upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar.
- Handverkshópurinn Koltra sér um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar sem m.a. felur í sér húsnæðiskostnað, launakostnað, kostnað við samskiptatæki, og þrif á húsnæðinu.

Upplýsingamiðstöðin skal opin frá því að fyrsta skemmtiferðaskip kemur að bryggju í Ísafjarðarbæ að vori þar til það síðasta fer að hausti, en þó að lágmarki frá 15. júní til 31. ágúst ár hvert. Að vori, fyrir tímabil lágmarksopnunartíma, er heimilt að hafa opið einstaka daga, í samræmi við skipakomur. Sambærileg heimild gildir að hausti, eftir að lágmarksopnunartíma lýkur.

Starfsmenn upplýsingamiðstöðvarinnar skulu, í samráði við forstöðumann Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða, fá starfsþjálfun á Upplýsingamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði. Starfsmönnum er bent á að hafa samráð við forstöðumann Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða um upplýsingagjöf til að tryggja samræmda upplýsingagjöf á svæðinu.

Fyrir 1. október hvert ár skal Handverkshópurinn Koltra skila skýrslu til forstöðumanns Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða um starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar það árið.


Fyrir þjónustu Handverkshópsins greiðir Ísafjarðarbær kr. 750.000.- á hverju ári. Fjárhæðin greiðist innan 10 daga frá undirritun samnings þessa.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Ísafjarðarbær, 8. 10. 2020

F.h. Handverkshópsins Koltra

F.h. Ísafjarðarbæjar


Jónína H. Símonardóttir


Birgir Gunnarsson